

Áhættumat efna á vinnustað - Meðferð hættulegra efna er málefni vinnuverndarvinnunnar í ár



Hættuleg efni eru öll efni (lofttegundir, fljótandi og föst efni) sem ógna öryggi og heilsu starfsmanna. Þau finnast víða, t.d. í málningu, lími, hreinsiefnum og varnarefnum en geta einnig verið framleiðslutengd mengunarefni, t.d. logsuðugufur, kísilyrk eða útblástur vegna brennslu, t.d. útblástur frá dísilvélum. Þá geta þau einnig verið af náttúrulegum uppruna, svo sem korn, asbest, hráolía og innihaldsefni þess. Fjöldmargir starfsmenn eru útsettir fyrir hættulegum efnum á vinnustöðum en vitneskja um þessi mál er oft lítil. Hættuleg efni geta m.a. leitt til bráðra og langtíma heilsufarsvandamála, til dæmis húðertingar, öndunarfarerásjúkdóma og krabbameins. Þau geta einnig leitt til eldhættu, sprenginga og köfnunar. Þá lenda fyrirtæki oft í verulegum kostnaði vegna afleiðinga slysa af völdum hættulegra efna. Hættuleg efni eru til staðar á nær öllum vinnustöðum og skaði getur hlotist bæði vegna skammtímaáhrifa, langtímaáhrifa og vegna langvarandi uppsöfnunar í líkamanum.

Meðferð hættulegra efna er ein stærsta öryggis- og heilbrigðisvá á vinnustöðum. Áhættan sem stafar af hættulegum efnum hefur áhrif á fjöldann allan af starfsmönnum á Íslandi og milljónir starfsmanna um alla Evrópu og er oft vanmetin eða hunsuð. Vinnuverndarátakið Áhættumat efna á vinnustað - Meðferð hættulegra efna, verður hleypt af stokkunum 24. apríl 2018 en átakinu lýkur í lok næsta árs. Hápunktar átaksins verða í vinnuverndarvikum í október 2018 og 19 en þá verða ráðstefnur haldnar á vegum Vinnueftirlitsins í Reykjavík og á landsbyggðinni. Á þessu ári verður ráðstefna á Grand hótél Reykjavík 17. október og í Hofi á Akureyri viku seinna. Átakið er evrópskt og taka yfir 30 lönd þátt í því. Markmið átaksins er að vekja athygli á þeirri áhættu sem stafar af meðferð hættulegra efna á vinnustöðum, stuðla að vinnumenningu til að útrýma hættulegum efnum eða bæta meðferð á þeim og auka sérstaklega skilning á þeirri áhættu sem stafar af krabbameinsvaldandi efnum. Þá verður lögð áhersla á að vernda starfsmenn í sérstökum áhættuhópum, s.s. börn, þungaðar konur og erlenda starfsmenn, og veita upplýsingar og fræðslu um meðferð hættulegra efna, t.d. með námskeiðum og útgáfu fræðsluefnis á nokkrum tungumálum.



Áhættumat

Mikilvægur þáttur átaksins er gerð áhættumats m.t.t. meðferðar á hættulegum efnum til að meta öryggi og hættu á heilsutjóni. Áhættumatið þarf að taka til allra starfsmanna og verktaka og einnig til starfsmanna í sérstökum vinnuáðstæðum, s.s. þeirra sem sinna viðhaldi og viðgerðum. Þá er nauðsynlegt að skipuleggja vinnu með þeim hætti að áhættusömum starfsaðferðum og verklagi sé skipt út fyrir hættulausar eða hættuminni starfsaðferðir/varklag. Matið skal uppfært og endurskodað þegar óvænt atvik eiga sér stað eða breytingar gerðar á vinnurými eða vinnuskipulagi. Starfsmenn þurfa að vera vel upplýstir um niðurstöður áhættumats og þjálfaðir til að beita forvarnaráðgerðum. Ýmis gögn um hættuleg efni eru í boði til að aðstoða fyrirtæki og þjónustuaðila við að framkvæma áhættumat, m.a. á vefsíðu Vinnueftirlitsins (www.vinnueftirlit.is/vinnuvernd/ahaettumat) en þar sem einnig er að finna frekari upplýsingar um átakið.

Sigurður Einarsson verkefnisstjóri,

vinnuverndarviku Vinnueftirlitsins 2018 – 2019

Meðal efnis í fréttabréfinu:

- Mýtur um efnamál
- Áreitni á vinnustað, nei takk
- Nýr bæklingur um líkamlegt álag
- Námskeið fyrir kennara og starfsfólk skóla
- Ný stórslysareglugerð
- Ótímabær gangsetning vélbúnaðar
- Meðferð hættulegra efna/vinnuverndarvikan 2018

Áreitni á vinnustað, NEI TAKK!

Pann 11. janúar síðastliðinn held Vinnueftirlitið, stjórn þess og Velferðarráðuneytið morgunverðarfund á Grand Hótel Reykjavík. Tilgangur fundarins var að vekja athygli á mikilvægi þess að efla forvarnir á sviði vinnuverndar með sérstaka áherslu á einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni og ofbeldi á vinnustöðum. Fundurinn var haldinn að frumkvæði stjórnar Vinnueftirlits ríkisins þar sem sæti eiga fulltrúar stærstu samtaka aðila vinnumarkaðarins auk fulltrúa ráðherra. Í lok fundarins var borin upp viljayfirlýsing og hún undirrituð af stjórnvöldum, aðilum vinnumarkaðarins, fyrirtækjum, stofnunum og félagsamtökum. Einnig var boðið uppá rafræna undirskrift á vef Vinnueftirlitsins. Eyjólfur Sæmundsson forstjóri Vinnueftirlitsins setti fundinn og ræddi um mikilvægi forvarna. Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra ávarpaði fundinn og því næst komu innlegg frá aðilum vinnumarkaðarins. Jóhann Friðrik Friðriksson, fagstjóri hjá Vinnu-



Mikill fjöldi sótti fundinn á Grand Hótel

eftirlitinu kynnti niðurstöður Gallupkönnunar um kynferðislega áreitni en um 25% fólks hefur orðið fyrir kynferðislegri áreitni einhvern tímamann á lífsleiðinni. Rúmlega fimm prósent þátttakenda sem voru á vinnumarkaði sögðust hafa orðið fyrir slíku á undanförunum 12 mánuðum. Félags- og jafnréttismálaráðherra, Ásmundur Einar Daðason flutti lokaorð fundarins. Mikill fjöldi sótti fundinn en talið er að um 250 manns hafi verið á staðnum. Fundarstjóri fundarins var Kristinn Tómasson, yfirlæknir Vinnueftirlitsins. Í viljayfirlýsingu um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum kemur fram að Íslensk lög og reglur kveði á um að slík hegðun á vinnustöðum skuli ekki liðin. Komi það upp skuli bregðast við því með markvissum hætti. Enn fremur segir að öryggiskennd og góður starfsandi skipti sköpum fyrir vellíðan starfsmanna á vinnustað og þar eigi góð samskipti og virðing að ríkja. Að auki eru taldir upp eftirfarandi þættir:

- Við þekkjum stefnu og viðbragðsáætlun vinnustaðarins gegn einelti, kynferðislegri og kynbundinni áreitni og ofbeldi og erum meðvituð um skyldur okkar.
- Við líðum ekki einelti, áreitni eða ofbeldi, beitum því ekki og vitum að meðvirkni með geranda getur skaðað starfsmenn og vinnustað okkar.
- Við berum sameiginlega ábyrgð á vinnuumhverfinu og leggjum okkar af mörkum til að bæta það enn frekar.
- Við erum ólík, með mismunandi bakgrunn og lífsskoðanir, en sýnum hvert öðru virðingu í öllum samskiptum.
- Við skiljum að upplifun af samskiptum er mismunandi og gerum ekki lítið úr viðbrögðum og tilfinningum annarra.
- Við ræðum um framkomu sem okkur mislíkar og tökum upp varnir fyrir þá sem brotið er gegn.
- Við tökum tillit til ábendinga um að við getum bætt framkomu okkar.
- Við sýnum öðrum kurteisi og virðingu í öllum samskiptum.

Óhætt er að segja að fundurinn hafi heppnast vel í alla staði og jákvæðir straumar hans hafa farið víða. Fyrirspurnum um sálfélagslegt áhættumat, stefnu og viðbragðsáætlun hefur fjölgað og svo virðist sem vinnustaðir séu í auknu mæli að svara kallinu. Vinnueftirlitið aðstoðar alla þá sem til þess leita eftir fremsta megni en vert er að geta þess að vinnuumhverfisvísi fyrir andlegt og félagslegt vinnuumhverfi er að finna á heimasíðu stofnunarinnar og þar er einnig hægt að fá góðar upplýsingar um gerð áhættumats og fl.

Jóhann Friðrik Friðriksson, sérfræðingur hjá Vinnueftirlitinu

Svipmyndir frá morgunverðarfundinum á Grand Hótel 11.janúar síðastliðin



Hildur J. Gísladóttir talaði fyrir hönd Sambands Sveitarfélaga



Ásmundur Einar Daðason, félags-og jafnréttismálaráðherra



Hilmar Sigurðsson frá Saga film ræddi aðgerðir og stefnu fyrirtæksins



Samtök á vinnumarkaði skrifa undir yfirlýsingu á fundinum

Út er kominn nýr bæklingur um líkamlegt álag við vinnu, þar er farið yfir álagsþætti og leiðir til að minnka álag og vernda stoðkerfið. Bæklingurinn er aðgengilegur á rafrænu formi á vef Vinnueftirlitsins, vinnueftirlit.is. Plakat með heilræðum til að vernda stoðkerfið verður einnig aðgengilegt á vefnum.

Líkamlegt álag og líkamsbeiting við vinnu

Ve VINNUEFTIRLITIÐ
FRÆÐSLU- OG LEIÐBEINGARIT NR. 38

Nokkur heilræði til að vernda stoðkerfið við vinnu

- Lyfta rétt**
 - Haldra byrðinni nálægt líkama
 - Ekki lyfta upp fyrir axlarhæð
 - Beygja hné
 - Ekki snúa upp á hrygg eða háls
 - Nata léttitæki
- Lágmarka setu og breyta um stellingu sem oftast**
 - Lágmarka tíma við einhafa álagsvinnu
 - Í kyrrsetuvinnu er æskilegt að standa upp á 30 mínútna fresti
 - Hafa stillanlegan bændu sem hentar starfsmanninum
 - Gera blóðrásaraukandi æfingar, t.d. lyfta og rulla óxlum
- Hreyfa sig reglulega**
 - 15a mínútur af miðlungs erfiðri hreyfingu vikulega
 - 25 mínútur af erfiðri hreyfingu vikulega
 - Eða blanda af þessu tveimur
 - Sama hversu lítil hreyfingin er þá er hún ávallt betri en engin
 - Styrktarþjálfun minskar líkur á stoðkerfisverkjum
 - allt niður í 2 mínútur á dag getur haft áhrif!
- Fyrirbyggja og draga úr streitu**
 - Skiluleggja sig vel
 - Hæfilegt vinnuálag í samráði við vinnuveitanda
 - Segja frá ef álag er of mikið
 - Stunda reglulega hreyfingu
- Drekka Vatn**
 - Mikilvægt að vatn sé aðgengilegt fyrir alla starfsmenn
 - Góð ástæða til að standa upp frá verkefnum

Þú átt bara eitt stoðkerfi ... og það þarf að endast alla ævil!

Ve VINNUEFTIRLITIÐ

Ný stórslysareglugerð

Um síðustu áramót tók gildi ný reglugerð um stórslysavarnir, um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna. Reglugerðin er nr. 1050/2017 og leysir af hólmi fyrri reglugerð nr. 160/2007 um sama efni. Reglugerðin er byggð á reglugerð Evrópusambandsins 2012/18/EU, oft nefnd „Seveso“ reglugerð (3.útg) Seveso nafnið má rekja til þess að í ítölskum bæ Seveso, með um 17 þús. íbúa, varð árið 1976 slys í efnaverksmiðju sem olli miklum usla í nánasta umhverfi verksmiðjunnar. Dýralíf varð fyrir miklum áhrifum, fólk dó ekki sem betur fer en ennþá eru að koma fram langtímaáhrif af menguninni sem varð. Rannsókn leiddi í ljós m.a. að eftirliti var ábótavant og með því að fylgjast með nokkrum þáttum (t.d. hitastigi á tilteknum stöðum) hefði sennilega mátt koma í veg fyrir slysið. Þetta varð til þess að menn fóru kerfisbundið að skoða ferla og meta áhættur í svona rekstri. Svo kölluð Seveso reglugerð (1.útg) kemur í framhaldi af þessari vinnu. Fyrirtæki eru hættumetin m.t.t hvaða efni þau eru að sýsla með og í hvaða magni. Þau eru svo flokkuð í lægri flokk með mikið magn hættulegra efna og hærri flokk sem sýsla með mjög mikið magn hættulegra efna. Reglugerðin skilgreinir hvaða efni er um að ræða og hve mikið telst mikið en það fer eftir eðli efnanna. Til fyrirtækja í hærri flokki eru gerðar meiri kröfur varðandi eftirlit og upplýsingagjöf en þeirra sem eru í lægri flokki. Vinnueftirlitið sér um eftirlit skv. reglugerðinni. Hér á landi er um að ræða t.d. olíubirgðastöðvar, álverin og sprengiefnageymslur.



Nýja reglugerðin er samhljóða gömlu en það er skerpt á nokkrum atriðum, helstu nýmæli eru:

- **Aukin upplýsingagjöf til almennings frá starfsstöðvum og Vinnueftirliti.**
- **Gert ráð fyrir meira samráði við almenning og almannavarnir varðandi nýjar stöðvar og breytingar á núverandi stöðvum**
- **Ef slys verður eru auknar kröfur varðandi samráð og greiningarvinnu**
- **Hættuflokkun efna er nú skv. reglugerð EB nr.1272/2008 (svk CLP, GHS)**

upplýsingar á heimasíðu VER varðandi stórslysavarnir hafa verið uppfærðar til samræmis við nýju reglugerðina. Slóðin er <http://www.vinnueftirlit.is/vinnuvernd/oryggi/storslysavarnir-vegna-haettulegra-efna/>

Guðmundur M. Magnússon, sérfræðingur
hjá Vinnueftirlitinu

Samstarfi við fagstéttir

Vinnueftirlitið, í samstarfi við Kennarasamband Íslands, heldur um þessar mundir námskeið um allt land fyrir öryggistrúnaðarmenn og öryggisverði í skólum. Námskeiðin eru sniðin að störfum í skólum og sérstök áhersla lögð á áhættuþætti í vinnuumhverfi grunnskólakennara, leikskólakennara, tónlistarkennara og annarra starfsmanna skólanna. Vitað er að andlegt álag í stéttinni er mikið, m.a. vegna vinnuálags og streitu sem fylgir starfinu. Störf á leikskólum geta verið líkamlega erfið þar sem oft þarf að lyfta börnum og vinna í óheppilegum vinnustellingum. Rannsóknir sýna að vinnutengd stoðkerfisvandamál eru algeng hjá leikskólakennurum og oft er hægt að draga mikið úr líkamlegu álagi með einföldum búnaði og hjálpartækjum. Með eflingu vinnuverndarstarfs í skólum er hægt að lágmarka neikvæð áhrif áhættuþátta í vinnuumhverfinu. Stórt skref í þessa átt er þjálfun öryggistrúnaðarmanna og öryggisvarða í vinnuvernd, við framkvæmd áhættumats og gerð áætlunar um öryggi og heilbrigði á vinnustað.



Fagnámskeið fyrir öryggisstjóra

Vinnueftirlitið hefur einnig staðið fyrir fagnámskeiðum fyrir öryggisstjóra í fiskvinnslu og hafa þau verið haldin í Reykjavík og á Neskaupstað. Ráðgert er að halda fleiri slík námskeið en gott samstarf hefur verið á milli Vinnueftirlitsins og Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi varðandi verkefnið. Námskeiðin eru sérstaklega ætluð til þess að stórefla vinnuvernd í fiskvinnslu og hefur mikil vinna verið lögð í þróun efnis og faglega nálgun.



Sérstök áhersla lögð á áhættuþætti í vinnuumhverfinu



Frá námskeiði Vinnueftirlitsins fyrir öryggisstjóra í fiskvinnslu


Steinþóra Jónsdóttir, sérfræðingur hjá Vinnueftirlitinu

Ótímabær gangsetning vélbúnaðar?

Hvað er átt við með þessari fullyrðingu? Það kemur fyrir að starfsmenn þurfa að stöðva vélbúnað sem þeir eru að vinna við af ýmsum ástæðum, t.d. til að viðhalda honum, hreinsa hann eða skipta um eitthvert verkfæri eða steypumót.

Ef ekki er gripð til sértækra aðgerða er hætt á að búnaður sé gangsettur á slæmum tíma með alvarlegum afleiðingum. Vinnueftirlitið þekkir því miður mörg dæmi um mjög alvarleg slys og óhöpp af þessum völdum.

Dæmi. Segjum að starfsmaður verkstæðis fyrirtækisins þurfi að fara inn að stórum þjarka sem raðar vöru á bretti. Hann fer í gegnum hlið sem slær út búnaðinum og fer á bakvið færiband með vara-hlutinn. Hann hefur ekki látið vita af sér og sést ekki vel frá stjórnborði þjarksins. Nú kemur starfsmaður að og sér að allt er að verða fullt af vörum fyrir framan og fer að stjórnborðinu. Eina sem hann sér er að þjarkurinn hefur verið stöðvaður, engin viðvörðun eða neitt annað sem gefur til kynna að búnaðurinn megi ekki vera gangsettur að nýju. Hvað gerist þegar hann ýtir á starthnappinn?



inn í áhættumat og koma sér upp verklagi sem hindrar slíkt. Til að koma í veg fyrir ótímabæra gangsetningu vélbúnaðar hafa mörg fyrirtæki komið sér upp svona kerfum. Stóriðjan á Íslandi er öll með slík kerfi. Það er útfærslumunur á milli þessara kerfa en tilgangurinn er alltaf sá sami, að koma í veg fyrir ótímabæra gangsetningu og slys.

Í bæklingi frá Elkem, sem þeir kalla Læsa – Merkja - Prófa, kemur fram að starfsmaður fyrirtækisins sem vinnur við vél skal læsa henni með sínum persónulega lás. Lásinn skal merktur nafni, símanúmeri og fyrirtæki. Óskar Örn Pétursson frá verkfræðistofunni Mannviti fjallaði um áþekkt kerfi í fyrirllestri um kerfið „Einangrun orku – Læsa – Merkja – Staðfesta“. Svona kerfi eiga að vera á mörgum vinnustöðum t.d. öllum bræðslum, stóriðju, við ýmsa rafmagnsvinnu, plastiðnaði, fiskvinnslu, sælgætisgerð, sláturiðnaði og öðrum matvælaíðnaði.

Ágúst Ágústsson, deildarstjóri tæknideildar

Skýrar reglur um öryggi við vélar

Alltof oft mætir Vinnueftirlitið því viðhorfi og misskilningi að viðkomandi starfsmaður sem klemmist í vél hefði átt að vita betur en að fara með líkamshluta inn á hættusvæði vélarinnar. Það á ekki að vera hægt að komast inn á hættusvæði véla meðan þær eru í gangi. Allir eiga það til að gleyma sér eða gera mistök einhvern tímann t.d. vegna álags eða þreytu. Starfsfólk á ekki að eiga í hættu á að klemma sig eða missa líkamshluta vegna augnabliks gáleysis.

Í reglugerð nr. 367/2006 um notkun tækja kemur fram að „þegar hættu er á viðkomu við tækjahluta á hreyfingu þannig að slys getur hlotist af, skulu hafðar á þeim hlífar eða annar viðeigandi búnaður sem hindrar að unnt sé að komast á hættusvæði eða stöðvar hreyfingu þeirra hluta áður en á hættusvæði er komið“.

Það er reynsla Vinnueftirlitsins að í flestum slysum við vélar og tæki er ekki viðeigandi öryggisbúnaður til staðar. Vélar eru stundum það gamlar að aldrei hefur verið á þeim sá öryggisbúnaður sem krafist er í dag. Því miður hefur öryggisbúnaður oft verið fjarlægður. Í verstu tilvikum er öryggisbúnaður gerður óvirkur og vél „plötud“ t.d. með því að tengja fram hjá öryggisbúnaði. Bæði nýjar og gamlar vélar þurfa að uppfylla lágmarkskröfur um öryggi.

Hvað er hægt að gera?

Læsa – merkja er þýðing á orðunum Lockout Tagout sem er ákveðin hugmyndafræði um hvernig á að koma í veg fyrir ótímabæra gangsetningu. Sumir kalla þetta einnig Læsa – merkja – prófa/staðfesta. Í reglugerðum eru kröfur um að vélbúnaður sem er framleiddur, sé búinn búnaði sem getur komið í veg fyrir ótímabæra gangsetningu. Í þeim tilvikum þegar hættu getur skapast eiga fyrirtæki að taka það

Tvær mýtur (goðsagnir) um efnamál

• Þegar búið er að banna ákveðið efni er það ekki lengur vandamál við dagleg störf.

Þetta er rangt! Þrátt fyrir að búið sé að banna efni eins og t.d. PCB, blý og asbest þá eru starfsmenn enn í áhættu varðandi slys og mengun. Syndir fortíðarinnar eru enn til staðar t.d. í eldri byggingum og þegar kemur að niðurrífi, viðhaldsvinnu eða endurnýtingu efnis, geta þessi efni mengað og skaðað fólk. Einnig koma ávallt ný efni á markaðinn.

• Sérstaklega framleidd efni og efni sem hafa mikla lykt eru skaðeg. Þetta er rangt! Hættuleg efni geta komið við sögu við ýmsa vinnu t.d. útblástur frá dísil vél, vinna við suðu og logsuðu. Einnig náttúruleg efni eins og asbest eða hráolía. Sum efni eru lyktar og litalaus þrátt fyrir að vera í andrúmsloftinu í miklum mæli. Slík efni geta haft mikil áhrif á heilsuna en svo eru önnur efni sem eru með sterka og vonda lykt en eru skaðlaus fyrir heilsuna.

Fréttabréf um vinnuvernd • Vinnueftirlitið / 1. tbl. 28. árg. 2018

Úgefandi: Vinnueftirlitið | Ritstjóri: Inghildur Einarsdóttir | Uppsetning: JFF | Ljósmyndir: Starfsmenn Vinnueftirlitsins sé annars ekki getið. Aðalskrifstofa: Dverghöfða 2, 110 Reykjavík | mynd: MBL. Skrifstofur eru einnig á Akureyri, Egilsstöðum, Selfossi, Sauðárkróki og Reykjanesbæ Sími: 550 4600 | Netfang: vinnueftirlit@ver.is | Veffang: www.vinnueftirlit.is